

Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 73/98  
frá 17. júlí 1998

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/98 frá 6. mars 1998<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/828/EB frá 27. október 1997 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda vátryggingu gagnvart slíkri ábyrgð<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. lið (tilskipun ráðsins 72/166/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„- **397 D 0828:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/828/EB frá 27. október 1997 (Stjtið. EB L 343, 13.12.1997, bls. 25).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 272, 8.10.1998, bls. 17 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 8.10.1998, bls. 72.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 343, 13.12.1997, bls. 25.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/828/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 17. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner